

Aðalfundur Leiknar, 27. maí 2015

Aðalfundur Leiknar fyrir starfsárið 2014-2015 var haldinn hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum miðvikudaginn 27. maí kl. 15. Mættir voru fulltrúar frá 11 af 19 stofnaðilum, alls 15 manns:

Endurmenntun Landbúnaðarháskólans: Guðrún Lárusdóttir

Farskólinn á Norðurlandi vestra: Bryndís Þráinsdóttir

Félagsmálaskóli alþýðu: Eyrún Valsdóttir

Framvegis: Sólveig Hildur Björnsdóttir

Fræðslumiðstöð Vestfjarða: Smári Haraldsson og Þuríður Sigurðardóttir

Fræðslunet Suðurlands: Ásmundur Sverrir Pálsson

Fræðslusetrið Starfsmennt: Hulda Anna Arnljótsdóttir

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum: Guðjónína Sæmundsdóttir

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi: Guðrún Vala Elísdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir

SÍMEY: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Valgeir Magnússon og Erla Björg Guðmundsdóttir

Viska- Vestmannaeyjum: Valgerður Guðjónsdóttir

Eyrún Valsdóttir formaður Leiknar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna um leið og hún skipaði Smára Haraldsson sem fundarstjóra og var það samþykkt. Smári fór yfir dagskrá og fól Huldu Önnu Arnljótsdóttur ritun fundargerðar, sem einnig var samþykkt. Fundarmenn höfðu fengið fundargögn send fyrirfram en þeim var einnig dreift á staðnum. Fundarstjóri kannaði hvort gerðar væru athugasemdir við boðun eða lögmæti fundar og var svo ekki. Var síðan gengið til dagskrár aðalfundar samkvæmt 12. gr. samþykpta Leiknar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld
5. Lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kjör stjórnar
8. Kosning skoðunarmanna reikninga
10. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Eyrún Valsdóttir kynnti skýrslu stjórnar sem dreift var á fundinum og reifaði helstu verkefni og áherslur starfsársins á glærum. Farið var yfir fjölda stjórnarfunda sem bæði voru staðbundnir og á netinu. Fundarmenn voru sammála um að fjarfundir og umræða á netinu væru ígildi stjórnarfunda ef til þeirra væri boðað með fyrivara, formlegri dagskrá og fundargerð rituð. Farið var yfir efnisval og

fjöldi fjarfræðsluerinda sem talin eru vera mjög vel heppnuð en erindin voru sjö talsins á árinu. Þá var farið yfir helstu verkefni ársins eins og þátttöku í vinnuhópi um íslenska hæfniramma náms og starfa, norrænt og alþjóðlegt samstarf s.s. raunfærnimatsverkefni um lykilhæfni og samráðsfund og samstarfsvettvang Nordic Baltic. Þá var fjallað um hvernig stjórn hefur unnið úr stefnumótunar- hugmyndum félagsmanna frá síðasta aðalfundi og sagt frá að horfið hafi verið frá því að bjóða öllum þeim fjölmörgu aðilum sem sinna fræðslu við fullorðna, aðild að Leikn. Ákveðið hafi verið að taka smá skref á meðan skipulags- og kerfisbreytingar standa yfir í fullorðins- og framhaldsfræðslu, og byrja á því að ná aftur til fyrri stofnaðila. Áfram mun þó vera unnið að því að efla sýnileika félagsins og fræðslu til félagsmanna. Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir kynningu á ársskýrslu og vék sér að næsta dagskrálið.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins

Guðrún Lárusdóttir, gjaldkeri tók við og fór yfir reikninga félagsins og bar saman áætlun og lokauppgjör. Reikningar voru undirritaðir af stjórn og kjörnum endurskoðendum, þeim Ásmundi Sverri Pálssyni og Valgeiri Magnússyni. Tekjur Leiknar á árinu 2014 voru kr. 1.279.778 (áætlun var kr. 1.220.000) og gjöld kr. 959.668 (áætlun kr. 1.602.000). Tekjur umfram gjöld voru því kr. 320.110 en voru áætlaðar kr. 382.000. Eignir í árslok voru kr. 1.641.167.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Fundarstjóri gaf orðið laust um ársreikninga og ársskýrslu og að þeim loknum var ársreikningur samþykktur af öllum með handauppréttingu.

4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld

Guðrún Lárusdóttir gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun og helstu rekstrarliði næsta starfsárs þar sem gert er ráð fyrir halla á rekstri kr. 280.000. Stjórnin lagði til að árgjald yrði óbreytt kr. 50.000 á hvern stofnaðila og var það samþykkt.

5. Kosning formanns

Fundarstjóri lagði til að fresta umræðum um lagabreytingar þar til í lok fundar þar sem ljóst væri að fundurinn gæti ekki breytt lögum þar sem skilyrði um hlutfallslega $\frac{3}{4}$ þátttöku stofnaðila var ekki mætt. Var því samþykkt að ganga fyrst frá formannskjöri. Eyrún Valsdóttir lýsti yfir að hún ætlaði ekki að bjóða sig aftur fram til formanns og var því auglýst eftir nýju formannsefni. Hulda A. Arnljótsdóttir bauð sig ein fram til starfans og var það samþykkt með lófaklappi.

6. Kjör stjórnar

Á síðasta aðalfundi var stjórn kosin til tveggja ára. Tvö úr þeirri stjórn báðust undan frekari stjórnarsetu þau Hildur Betty Kristjánsdóttir og Smári Haraldsson. Áfram sitja því í stjórn þær Guðrún Lárusdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir og Sólveig Hildur Björnsdóttir. Kosið var því um þrjá nýja stjórnarmenn eftir tilnefningum. Í aðalstjórn var kosin Þuríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og í varastjórn Helga Gísladóttir frá Fjölmenn og Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni Fræðslusetri. Fundarstjóri bauð nýja stjórn velkomna til starfa og þakkaði þeim Eyrúnu og Hildi Betty fyrir vel unnin störf sem aftur þökkuðum honum fyrir samstarfið gegnum árin.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Ásmundur Sverrir Pálsson og Valgeir Magnússon.

8. Lagabreytingar

Eyrún fór yfir tillögur að lagabreytingum en ljóst var að fundurinn gæti ekki greitt atkvæði um lagabreytingar þar sem hann var ekki ályktunarhæfur skv. 14. gr. samþykktá félagsins. 14. og 15. gr. samþykktanna voru lesnar upp þar sem sagt er hvernig breyta megi lögum ef mæting er ekki fullnægjandi. Fundurinn ákvað að ekki lægi það mikið á þessum breytingum að boða þyrfti til sérstaks framhaldsfundar og var nýrri stjórn því falið að undirbúa málið fyrir aðalfund að ári. Hinsvegar þótti gott að fá kynningu og umræðu um þær breytingar sem stjórn hafði rætt á starfsárinu. Fyrsta breytingin er fyrirhuguð á orðalagi 6. gr. og varðar formlegri úrsögn úr samtökunum en nú er. Næsta breyting var á 9. gr. þar sem talað er um „gerðabók“. Stjórn vildi að sú grein næði yfir nútímalegri ritun fundargerða sem oft eru rafrænar og vistaðar þannig. Bent var á að brýnt væri að fundargerðum væri haldið til haga og þær undirritaðar með sannanlegum hætti. Einnig var bent á að allar fundargerðir má finna á heimsíðu félagsins. Ákveðið var að vinna þessa tillögu aðeins betur. Þriðja tillagan varðaði gr. 11. þar sem nauðsynlegt er talið að samræma starfsárið og rekstrarárið og miða við sama tímabil. Rekstrarárið er nú miðað við almanaksárið en starfsárið við kosningu nýrrar stjórnar á vorin. Ákveðið að samræma þetta og leggja fram tillögu á næsta aðalfundi. Bryndís benti á að eðlilegt væri að miða við almanaksárið þar sem stofnaðilar væru ekki í hefðbundnir skólar. Síðasta breytingin snérist um að taka út orðið „endurskoðaðir“ í 12. gr. um „Endurskoðaða reikninga félagsins“. Hugtakið er nú orðið túlkað þröngt og reikningar félagsins eru ekki, strangt til tekið, endurskoðaðir, í skilningi laga frá 2010. Lagt var til að orðið verði tekið út og eingöngu sagt: Reikningar félagsins. Eftir þó nokkrar umræður minnti fundarstjóri á að lagabreytingarnar yrðu lagðar formlega fyrir að ári, á næsta aðalfundi og það nýja stjórn að ítreka við stofnaðila í fundarboði að mæta eða senda sína fulltrúa á þann fund.

9. Önnur mál

Smári sagði frá að hann hafi haldið utan um heimasíðu Leiknar og að þar vantaði ýmis skjöl sem gætu sýnt sögu og þróun samtakanna. Bað hann fundarmenn um að leita í fórum sínum og finna eldri gögn sem setja mætti á síðuna.

Fundarstjóri þakkaði síðan fyrir sig og góðan aðalfund og gaf nýju formanni orðið sem þakkað fyrrum formanni og stjórn fyrir frábært starfsár að baki og margar spennandi áskoranir framundan á sviði framhalds- og fullorðinsfræðslu. Nýr formaður sleit síðan fundi kl. 16. 20.

HAA